

Kristbjarnarsyni, kr. 81.167.50 með 9% ársvöxtum frá 8. maí 1960 til 29. desember s. á., með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. maí 1968.

Nr. 74/1967. **Landsbanki Íslands** (Stefán Pétursson hrl.)
 gegn
Verzluninni Breiðabliki og Þorsteini N. Halldórssyni (Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. maí 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. apríl s. á. Krefst hann þess, að „héraðsdóminum verði breytt á þá leið, að niður verði felldur sjóveðréttur í v/b Gulltoppi, KE 29, fyrir hinum tildæmdu kröfum“. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndi Verzlunin Breiðablik krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Þorsteinn N. Halldórsson hefur ekki sótt þing og engar kröfur gert fyrir Hæstarétti.

Mál þetta höfðaði stefndi Verzlunin Breiðablik gegn stefnda Þorsteini N. Halldórssyni með héraðsdómsstefnu 28. júní 1966 til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 30.118.30 vegna vörukaupa til v/b Gulltopps, KE 29, á árinu 1965. Þá var Þórði Þórðarsyni, Miðstræti 11, Vestmannaeyjum, stefnt til

að þola viðurkenningu á sjóveðrétti í v/b Gulltoppi, KE 29, til tryggingar dómkröfunum, en Þórður var þá talinn eigandi og útgerðarmaður þess skips. Hvorki Þorsteinn né Þórður sóttu þing í héraði, og var málið dæmt þar eftir kröfum Verzlunarinnar Breiðabliks.

Áfrýjandi kveður v/b Gulltopp, KE 29, hafa verið seldan á nauðungaruppboði 8. desember 1966 og hafi hann orðið hæstbjóðandi í bátinn. Hafi hann krafizt þess, að báturinn yrði lagður sér út sem ófullnægðum veðhafa.

Samkvæmt vottorði bæjarfógetans í Keflavík, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er Þorsteinn N. Halldórsson enn þinglesinn eigandi v/b Gulltopps, KE 29. Af hendi aðilja hefur því verið lýst hér fyrir dómi, að á þeim tíma, er mál þetta var höfðað í héraði, hafi Þórður Þórðarson verið eigandi og útgerðarmaður bátsins.

Hér fyrir dómi krefst áfrýjandi þess eins, að sjóveðréttur í v/b Gulltoppi, KE 29, verði niður felldur. Málinu hefur ekki verið áfrýjað, að því er varðar Þórð Þórðarson, og breytir þingsókn af hans hendi, að liðnum áfrýjunarfresti og án áfrýjunarleyfis, engu þar um. Ber því þegar af þessari ástæðu að vísa málinu frá Hæstarétti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Verzluninni Breiðabliki málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Landsbanki Íslands, greiði stefnda Verzluninni Breiðabliki málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Keflavíkur 17. september 1966.

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið 2. þ. m., hefur Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður f. h. Verzlunarinnar Breiðabliks, Keflavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 30. júní s.l., gegn Þórði Þórðarsyni, Miðstræti 11, Vestmanna-

eyjum, og 1. september s.l., gegn Þorsteini N. Halldórssyni, Faxabraut 34 D, Keflavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 30.118.30 með 1% vöxtum á mánuði frá 30. júní 1965 til greiðsludags og málskostnaðar, en Þórði til að þola sjóveðrétt í v/b Gulltoppi, KE 29, fyrir tildæmdum kröfum, en hann er talinn núverandi eigandi skipsins.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera fyrir útteknar matvörur fyrir mötuneyti skipverja á v/b Gulltoppi í maí og júní 1965 og einnig til að birgja skipið með matarforða, áður en skipið fór á síndveiðar fyrir Austurlandi sumarið 1965. Stefndi hafi dregið fæðiskostnað frá kaupi skipverja við uppgjör, eins og venja er, en hafi ekki greitt þá fjárhæð til stefnanda og sé krafan því tryggð með sjóveði í skipinu. Stefnandi segir, að hann hafi lýst kröfu þessari við nauðungaruppboð á v/b Gulltoppi s.l. vetur og með því slitið fyrningu sjóveðréttarins, eins og stefnt hefði verið. Krefst stefnandi sjóveðréttar í v/b Gulltoppi, KE 29, til tryggingar kröfum sínum, en meðstefndi Þórður Þórðarson sé nú eigandi skips þessa.

Stefndu hafa hvorki sótt þing né sækja látið, og er þeim þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Þar sem engir þeir gallar eru á málalíbúnaði, er frávisun varða, og framlögð gögn eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öðru leyti en því, að eftir atvikum þykir rétt, að vextir verði 9% á ári.

Málskostnaður tildæmist kr. 5.665.00.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti kvað upp dóm þennan ásamt skipuðum meðdómsmönnum, Ragnari Björnssyni hafnarstjóra og Árna Þorsteinssyn skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Þorsteinn N. Halldórsson, Faxabraut 34 D, Keflavík, greiði stefnanda, Verzluninni Breiðabliki, Keflavík, kr. 30.011.00 með 9% ársvöxtum frá 30. júní 1965 til greiðsludags og kr. 5.665.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í v/b Gulltoppi, KE 29, fyrir tildæmdum kröfum.